



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

Hvatning forseta Íslands til ungra Íslendinga afhent ungmennum á Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og í Breiðdalsvík í Suður Múlasýslu

Í opinberri heimsókn forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar á Fáskrúðsfjörð, Stöðvarfjörð og í Breiðdalsvík í Suður Múlasýslu 28. maí hlutu 11 ungmenni „Hvatningu forseta Íslands til ungra Íslendinga.“ Hvatningin var afhent á fjölskylduhátíð í íþróttahúsinu á Stöðvarfirði 28. maí. Þau sem hlutu hvatningu eru:

Aðalheiður Björk Rúnarsdóttir, 14 ára, Ásunnarstöðum í Breiðdal. Hún hefur sýnt einstaka samviskusemi og jákvæðni í námi.

Aðalheiður Kristín Hermannsdóttir, 14 ára, Breiðdalsvík. Hún hefur sýnt einstaka samviskusemi og jákvæðni í námi.

Andri Mar Jónsson, 16 ára, Fáskrúðsfirði. Hann er framúrskarandi námsmaður og mjög efnilegur íþróttamaður. Hann hefur náð góðum árangri í íþróttum og unnið til fjölda verðlauna, m.a. á Unglingalandsmóti UMFÍ sl. sumar. Hann er í úrvalshópi ÚÍA í frjálsum íþróttum og einnig hefur hann verið valinn í 30 manna æfingahóp vegna landsliðs í knattspyrnu 16 ára og yngri.

Arnar Indriðason, 13 ára, Gljúfraborg í Breiðdal. Hann hefur sýnt dugnað, einbeittan vilja og hæfni til náms eftir að hafa lent í ýmsum erfiðleikum. Hann er dæmi um nemanda sem sinnir námi af einstakri kostgæfni.

Hrefna Ingólfssdóttir, 11 ára, Breiðdalsvík. Hún er duglegur og samviskusamur nemandi og stundar tónlistarnám með góðum árangri.

Kjartan Svanur Hjartarson, 15 ára, Fáskrúðsfirði. Hann hefur sýnt góða leikhæfileika og hefur nýlega skilað aðalhlutverki í leiksýningu með glæsilegum árangri. Hann er einnig góður námsmaður og þrúður og háttvís í allri framgöngu.

Kristinn Ágúst Þórsson, 10 ára, Fáskrúðsfirði. Hann stundar nám sitt af miklum dugnað og sýnir þrúðmennsku í skólanum og er auk þess sérlega hæfileikaríkur og efnilegur tónlistarnemandi.

Krísturín Selma Ölversdóttir, 13 ára Fáskrúðsfirði. Hún er mjög samvísusóm og hefur sýnt framúrskarandi námsárangur í öllum námsgreinum og er auk þess efnilegur tónlistarnemandi.

Lilja Rut Arnardóttir, 17 ára, Stöðvarfirði. Hún hefur sýnt mjög góðan námsárangur allan sinn skólaferil og verið virk í félagsstarfi og öðrum nemendum til fyrirmyndar.

Maggi Andrésón, 12 ára, Stöðvarfirði. Hann er afburðaíþróttamaður og hefur unnið til fjölda verðlauna. Hann er margfaldur Austurlandsmeistari í sínum greinum sem eru sprett- og stökkgreinar og einnig er hann mjög öflugur knattspyrnumaður.

Margrét Jóna Þórarinsdóttir, 17 ára, Fáskrúðsfirði. Hún hefur sýnt framúrskarandi námsárangur og er vel skipulagður, samvísusamur og vandvirkur námsmaður. Hún er einnig fjölhæfur íþróttamaður og hefur unnið til fjölda verðlauna m.a. verið Íslandsmeistari í 800 m hlaupi 14 ára og yngri.

Pétur Haukur Jóhannesson, 15 ára, Fáskrúðsfirði. Hann er mjög fjölhæfur og efnilegur íþróttamaður og fyrirmynd annarra um dugnað og sjálfsaga. Hann hefur unnið til fjölda verðlauna í ýmsum íþróttgreinum, m.a. til gullverðlauna á Unglingalandsmóti UMFÍ s.l. sumar.